

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/2584
komudagur 14.6.2004


RH/jhb
B. 613/04

Reykjavík, 8. júní 2004

Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 14. f.m., frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna, 198. mál.

Verknaður sem lýst er í frumvarpinu er refsiverður samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um líkamsmeiðingar. Á öðrum Norðurlöndum hefur bann við verknaðinum þó verið áréttað með sérákvæðum sem er skipað í almenn hegningarlög í Danmörku, en í sérrefsilög í Noregi og Svíþjóð.

Af hálfu ríkissaksóknara er ekki tekin afstaða til efnis og framsetningar frv. en lögð á það áhersla að við lagasetningu í þessu efni verði horft til löggjafar á Norðurlöndum, þ.á.m. ákvæða sem þar gilda um meginreglu refsiréttarins um tvöfalt refsinaemi.


saksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík